

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2026, mánudaginn 9. mars var haldinn 353. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:01. Viðstödd voru Lárus Finnbogason, Sigrún Guðmundsdóttir, Sunna Jóhannsdóttir og Einar S. Hálfðánarson. Einnig sat fundinn Ingunn Ólafsdóttir. Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á trúnaðarmerktum drögum að ársreikningi Félagsbústaða hf. fyrir árið 2025, dags. 06.03.2026, ásamt trúnaðarmerktum drögum að endurskoðunarskýrslu félagsins, dags. 06.03.2026, sem lögð verður fram samhliða framlagningu ársreiknings fyrir stjórn. IER26010002
Samþykkt að skila umsögn til stjórnar.

Sigrún Árnadóttir, Kristinn Karel Jóhannsson, Davíð A. Einarsson og Sigurjón Oddsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd þakkar fyrir greinargóða kynningu á drögum að ársreikningi Félagsbústaða og endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2025. Endurskoðunarnefnd mun skila umsögn til stjórnar.

Fundi slitið kl. 11:49

Lárus Finnbogason

Einar S. Hálfðánarson
Sunna Jóhannsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir